



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um jólagjöf Reykjavíkurborgar til starfsmanna 2018 og 2019 og Tjarnarbíó.

Á fundi borgarráðs þann 5. nóvember 2020 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirpurn um jólagjöf Reykjavíkurborgar til starfsmanna 2018 og 2019 og Tjarnarbíó:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar einnig eftir að fá að vita af hverju Tjarnarbíó kom ekki til greina sem jólagjöf til starfsmanna jólin 2018 og 2019? Jólagjöfin til starfsmanna borgarinnar síðustu ár hefur verið gjafabréf í Borgarleikhúsið einungis. Þessi tvö leikhús, Borgarleikhúsið og Tjarnarbíó eru bæði styrkt af borginni. Spurt er hvort ekki hefði þótt viðeigandi og eðlilegt þegar ákveðið var að gefa starfsfólki gjafabréf í Borgarleikhúsið að hafa Tjarnarbíó einnig með t.d. sem valmöguleika? Þjóða hefði mátt starfsmönnum upp á að velja sér sýningu í Borgarleikhúsi eða sýningu í Tjarnarbíó.

Svar:

Ákveðið var árið 2017 að gefa starfsfólki Reykjavíkurborgar jólagjöf. Tekin var ákvörðun um að gjöfin væri gjafabréf í Borgarleikhúsið og sama var ákveðið árin 2018, 2019 og 2020. Það að starfsfólk geti nýtt þá gjöf í Tjarnarbíó og valið sýningu hjá öðrum hvorum aðilaer flókin framkvæmd þar sem um er að ræða tvo mismunandi rekstraraðila og því ill framkvæmanlegt. Borgarleikhúsið er ein af lykil menningarstofnunum Reykjavíkur og býður á hverju ári upp á fjölbreyttar leiksýningar við allra hæfi. Það hefur því verið vel viðeigandi að Reykjavíkurborg hafi gefið miða fyrir tvo í Borgarleikhúsið í jólagjöf til starfsfólks sl. 4 ár og hefur verið almenn ánægja með gjöfina meðal starfsfólks.

Lóa Birna Birgisdóttir
sviðsstjóri mannauðs- og starfsumhverfissviðs

